

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

256. FUNDUR.

256. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 9. júní 2015 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Elín R. Líndal, aðalmaður, Gunnar Þorgeirsson, aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður og Ingimar Sigurðsson, aðalmaður

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Oddviti setti fund.

1. Fundargerðir byggðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 871. fundar, frá 26. maí sl. Fundargerð í 6. liðum.

Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 872. fundar, frá 1. júní sl. Fundargerð í 7 liðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 3. lið útboð skólaaksturs leið 7 „, Seinni partinn í gær þann 8. júní sl. barst tölvupóstur frá Kærunefnd útboðsmála með kærufra Húnavirki ehf. vegna málsins. Í kærufni er m.a. gerð krafa um að innkaupaferlið verði stöðvað á meðan kærunefnd leysir úr málinu. Sveitarstjórn samþykkir ákvörðun byggðarráðs, sem er að taka lágsta tilboði í aksturinn, sem er frá Ágústi Þorbjörnssyni kr. 179 pr. km. Sveitarstjórn samþykkir að fresta undirritun samninga þar til stöðvunarkröfu Kærunefndar útboðsmála hefur verið aflétt. Sveitarstjóra falið að óska eftir að nefndin aflétti sjálfkrafa stöðvun.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 873. fundar, frá 8. júní sl. Fundargerð í 11 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Félagsmálaráð

Fundargerð 160. fundar frá 27. maí. sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

3. Fræðsluráð

Fundargerð 161. fundar frá 3. júní sl. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

4. Fundargerðir skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 252. fundar frá 4. júní sl. Fundargerð í 10 liðum.

Borinn undir atkvæði 1. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 2. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Afgreiðsla 3. liðar frestað þar sem ósamræmi er milli dagskrár og afgreiðslu.

Borinn undir atkvæði 4. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 5. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Afgreiðslu 7. liðar fundargerðarinnar frestað.

Borinn undir atkvæði 8. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 9. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Fundargerðin borin upp í heild sinni og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Landbúnaðarráð

Fundargerð 133. fundar landbúnaðarráðs frá 5. júní sl. Fundargerð í 4 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga að bókun við 2 dagskrárlið um að sveitarstjórn geri bókun landbúnaðarráðs að sinni bókun „Samkvæmt upplýsingum sem formaður landbúnaðarráðs fékk frá Mast verður engin fjárveiting til viðhalds á sauðfjárveikivarnagirðingunum úr Arnarvatni í Langjökul og milli Vesturhóps og Víðidals á árinu 2015. Sveitarstjórn mótmælir þessari ákvörðun harðlega og bendir á alvarleika málsins af gefnu tilefni samanber nýleg dæmi um riðuveiki sem upp kom í Húnaþingi vestra og kostnaðinn sem af því hlýst ef smit berst á milli svæða. Sveitarstjórn krefst þess að Mast endurskoði þessa ákvörðun og tryggi fjármuni til viðhalds þessara girðinga. Sveitarstjóra falið að koma athugasemdunum á framfæri.“ Lögð fram eftirfarandi bókun við 3. dagskrárlið "Sveitarstjóra falið að kanna málið“ Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Viðaukar.

Viðauki 1.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs, sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs leggja fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2015 að upphæð kr. 1.750.000 sem skiptist þannig:

Málaflokkur 02 deild 0244 dagvist aldraðra, aukinn kostnaður vegna aksturs kr. 900.000

Málaflokkur 06, deild 06551 aukinn launakostnaður vegna tilkomu rennibrautar kr. 600.000

Málaflokkur 04, deild 04211 Styrkur til nemendaráðs vegna útskriftarveislu. kr. 250.000

Kostnaði verði mætt með lækkun á lið 2190, ófyrirséð. Viðaukinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

Viðauki 2.

Rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs, sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs leggja fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2015 að upphæð kr.

2.700.000 fyrir eignasjóð deild 31101 Skólavegur 2, grunnskóli vegna brýnna

viðhaldsverkefna sbr. greinargerð rekstrarstjóra. Kostnaði verði mætt með lækkun á lið 2190 ófyrirséð. Viðaukinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

7. **Sumarfrí sveitarstjórnar.** Lögð fram eftirfarandi tillaga “ Sveitarstjórn samþykkir sumarfrí sveitarstjórnar í júlí og ágúst. Næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar verður 10. september nk. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
8. **Skýrsla sveitarstjóra.** Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl.16:42

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Valdimar Gunnlaugsson.

Elín R. Líndal.

Ingimar Sigurðsson

Gunnar Þorgeirsson.

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri